

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Bjarnastaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 31. október 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 10 ha frístundabyggðasvæði í landi Bjarnastaða breytist í landbúnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi (lögbýli), skemmu og hesthúsi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31. október 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.